



Niðurstöður aðalfundar Vátryggingafélags Íslands hf. sem haldinn var fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 16.

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður sem nemi kr. 1,03 á hlut fyrir árið 2014. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 2.500 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2015 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2015 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 13. mars 2015 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 9. apríl 2015.

Tillaga stjórnar um hlutafjárlækkun í félaginu.

Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.502.757.040 að nafnverði í kr. 2.438.480.516 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 64.276.524 sé þannig eytt.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Tillaga stjórnar um breytingu á 2. gr. samþykktu félagsins

Aðalfundur samþykkti að fella á brott núgildandi 2. gr. samþykktu félagsins þannig að eftirleiðis er ekki getið um heimilisfang félagsins í samþykktum þess.

Tillaga stjórnar um breytingu á fjölda varamanna í 16. gr. samþykktu félagsins

Aðalfundur samþykkti að varamenn í stjórn félagsins yrðu tveir samkvæmt heimild þess efnis í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi í stað fimm talsins og að 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins orðist eftirleiðis með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi.“

Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum í tengslum við hlutafjárlækkun í félaginu

Vegna samþykkis aðalfundar á hlutafjárlækkun í félaginu var samþykkt að 1. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins orðist með eftirfarandi hætti:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.438.480.516 – tveir milljarðar fjögur hundruð þrjátíu og átta milljónir fjögur hundruð og áttatíu þúsund og fimm hundruð og sextán krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Tillaga hluthafa um breytingu á 26. gr. samþykktu félagsins

Aðalfundur samþykkti að fella brott núgildandi 26. gr. samþykktu félagsins sem fjallar um heimild stjórnar til hlutafjárlækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn félaginu.

Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar.

Aðalfundur heimilaði stjórn félagsins að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

Kosið í stjórn félagsins.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Ásta Dís Óladóttir, kt. 041272-5709
Bjarni Brynjólfsson, kt. 161266-2999
Guðrún Þorgeirsdóttir, kt. 080979-5929
Helga Jónsdóttir, kt. 231267-5309
Steinar Þór Guðgeirsson, kt. 190871-5929

Varastjórn

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, kt. 030778-5109
Davíð Harðarson, kt. 171076-4129

Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.

Aðalfundur samþykkti að mánaðarleg stjórnarlaun yrðu kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 600.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fengju greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 350.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd yrði kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn fengju kr. 80.000 á mánuði. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd yrði kr. 50.000 fyrir hvern fund.

Kosning endurskoðunarfélags.

Aðalfundur kaus KPMG ehf. sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

Tillaga um starfskjarastefnu.

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu félagsins sem er efnislega óbreytt frá síðasta aðalfundi. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi tilkynningu þessari.